



Árskýrsla 2012

ásamt ársreikningi 2012



Meðlimir Rezeigat samfélagsins taka á móti UNAMID á El Daein flugvælinum í Austur-Darfur héraði. UN Photo/Albert González Farran. 3. desember 2012.



Frá formanni Félags Sameinuðu þjóðanna

Kæru félagsmenn. Á tímum mikils niðurskurðar í ríkisfjármálum krefst markmiðið, um 0,7% af VÞT til þróunarsamvinnu árið 2019, viðtæks og öflugs stuðnings almenninga. Jafnar hækkar í skrefum er sú leið sem Alþingi hefur varðað með ályktun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Sú leið nýtur þverpólitísku stuðnings á þingi (og er talin raunhæfari en t.d. 27 ára gamalt markmið, sbr. ályktun Alþingis nr. 25/107, frá 28. maí 1985, um að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrði 0,7% af þjóðarframleiðslu innan sjö ára).

Forsenda framangreinds markmiðs til langs tíma er stórefling á skipulögðu starfi að því að fá almenning til almennrar umræðu, fylgis og

stuðnings við markmið Sameinuðu þjóðanna um þróun. Upplýsing almenninga er m.a. viðurkennd eftir alþjóðlegum mælikvarða OECD–DAC. Félag Sameinuðu þjóðanna hefur og getur sannarlega lagt sitt af mörkum til þess starfs, líkt og systurfélögin á Norðurlöndum gera.

Félag Sameinuðu þjóðanna starfar markvisst með fagmennsku að leiðarljósi. Við teljum að burðugt innra skipulag komi sér ætíð vel í þeirri þekkingarmiðlun sem félagið stendur fyrir. Reglubundin starfsemi okkar skapar grunn fyrir viðtæk verkefni á sviði aukinnar almannavitundar, fræðslu og samfélagsumræðu. Félagið nýtur opinberrar viðurkenningar um allt SP-kerfið, svo sem hjá UNOLA, UNDP, sérstofnunum og verkefnum, hefur breiða skírskotun til starfsemi og

markmiða Sameinuðu þjóðanna – og er í öflugu samstarfsneti systurfélaganna á Norðurlöndum, við UNRIC og WFUNA.

Félag Sameinuðu þjóðanna hefur á undanförunum misserum endurskoðað almenna stefnu sína og markað nýja framtíðarsýn. Skýr markmið eru afar mikilvæg til að marka stefnu og forgangsraða verkefnum. Með þeim leiðarvísunum getur starfsemi félagsins blómstrað til framtíðar.

Nú sem fyrr eru öllum sjálfbærleiksum og samstarfsaðilum Félags Sameinuðu þjóðanna færðar þakkir, en þau gera rekstur Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi mögulegan. Í framlagi allra þeirra felst ómetanlegur stuðningur.

Pröstur Freyr Gylfason

EFNISYFIRLIT



Um Félagið	3
Viðburðir	4
Innra starf félagsins	9
Tekjur og gjöld	10
Samstarfsaðilar	11
Lög Félags Sameinuðu þjóðanna	13



Um Félagið

Félag Sameinuðu þjóðanna var stofnað í apríl 1948. Meginhlutverk félagsins er að vinna að kynningar- og samræmingarstarfi að málefnum Sameinuðu þjóðanna.

Framtíðarsýn Félags Sameinuðu þjóðanna er að:

- i. þorri þjóðarinnar styðji með beinum hætti alþjóðlegt þróunarstarf,
- ii. almenningur þekki til starfsemi Sameinuðu þjóðanna,
- iii. áhrifavaldar í þjóðfélaginu hafi þekkingu á og starfi með Félagi Sameinuðu þjóðanna,
- iv. Ísland taki stöðu með þeim alþjóðalögum sem styðja við hugsjónir og markmið SP,
- v. Félag Sameinuðu þjóðanna sé áhrifamikill vettvangur fyrir öfluga upplýsingagjöf um SP.

Félag Sameinuðu þjóðanna gætir ávallt hlutleysis og flytur mál sitt í anda sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Skoðanir og afstaða um einstök mál sem kann að vera sett fram af hálfu Félags Sameinuðu þjóðanna er óháð og er allt kynningarstarf á vegum félagsins að fullu á ábyrgð þess. Félagið leggur sérstaka áherslu á þann þátt í starfsemi Sameinuðu þjóðanna sem snýr að málefnum þróunarlanda. Leiðarljós félagsins eru tvönniskonar:

Leiðarljós 1: Að stuðla að aukinni samvinnu allra þjóða heims

Leiðarljós 2: Að vinna að því að treysta alþjóðfrið og öryggi

Félag Sameinuðu þjóðanna, ásamt Landsnefnd UN Women og Landsnefnd UNICEF, rekur Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Miðstöðin er vettvangur fyrir kynningarstarf og upplýsingagjöf um starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Félag Sameinuðu þjóðanna veitir almenningi, skólum, stofnunum, fjölmiðlum og öðrum aðilum sem þess óska upplýsingar um Sameinuðu þjóðirnar. Félagið hefur einnig í gegnum árin tekið að sér kynningu á Sameinuðu þjóðunum og geta aðilar, svo sem utanríkisráðuneytið, vísað beiðnum um kynningu til félagsins.

Kynningarmál

Félag Sameinuðu þjóðanna leggur mikla áherslu á öfluga upplýsingagjöf um starfsemi Sameinuðu þjóðanna til félagsmanna sinna og annarra áhugasamra. Vefsíður félagsins eru ein hagkvæmasta leið þess til að miðla upplýsingum og fræðslu um starfsemi, sögu og verkefni Sameinuðu þjóðanna.



WWW.UN.IS



WWW.2015.IS



WWW.GLOBALIS.IS

Globalis-vefur Félags Sameinuðu þjóðanna er eitt skemmtilegasta og umfangsamesta verkefni sem félagið sinnir. Vefurinn gagnast fræðimönnum, fjölmiðlum og menntageiranum en tölfraði-upplýsingarnar uppfærast sjálfkrafa frá gagnagrunnum stofnana Sameinuðu þjóðanna.

Útgáfa fréttabréfs hefur verið reglulegur liður í starfi félagsins um áratugaskeið. Það hefur reynst vel til upplýsingamiðlunar í gegnum árin. Í fréttabréfunum eru sagðar fréttir af starfi félagsins og viðburðum ásamt fréttum af vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fréttabréfið er sent út til félagsmanna og kemur út mánaðarlega yfir starfsveturinn. Skráning á póstlista fer fram með því að senda tölvupóst á felag@un.is.



Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna ávarpar SP Ríó+20 ráðstefnuna um sjálfbæra þróun í Ríó de Janeiro, Brasilíu.
20. júní 2012

UN Photo/Maria Elisa Franco

Viðburðir

Kynningar, málfundir og önnur samstarfsverkefni

VEFFYRIRLESTUR UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN

31. janúar 2012

Heimssamtök Félaga Sameinuðu þjóðanna (WFUNA) stóðu fyrir þremur vefyfyrirlesturum um sjálfbæra þróun í aðdraganda Heimsráðstefnu SP í Ríó de Janeiro um sjálfbæra þróun í júní 2012.

Á þessum fyrsta vefyfyrirlestri þann 31. janúar var farið yfir grundvallaratriði hugtaksins "sjálfbær þróun", hvaða áhrif Ríó ráðstefnan 1992 gæti haft á þróun hugtaksins og farið yfir helstu málafni ráðstefnunnar.

Vefyfyrirlesturinn fór fram á netinu og voru þónokkrir Íslendingar sem skráðu sig til leiks og tóku þátt. Fyrirlesari var Hr. Chantal Line Carpentier, UN Department of Economic and Social Affairs.

LIST Í ÞÁGU FRÍÐAR 2012

6. febrúar 2012

List í þágu friðar 2012 var ný samkeppni ætluð börnum og unglingum á aldrinum fimm til sautján ára sem var hleypt af stokkunum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á árinu. Þátttakendur áttu að horfa á myndband á netinu og nota síðan ímyndunarafli sitt til að draga upp mynd af kjarnorkuvopnalausum heimi.



Félagið hvatti leikskóla og grunnskóla til að taka þátt í keppninni og má þar nefna leikskóla á höfuðborgarsvæðinu sem sendi inn myndir fimm ára nemenda sinna á vef keppinnar, Regnbogann í Ártúnsholtinu.

Vefsíða keppinnar er <http://www.unartforpeace.org>. Afvopnunarkrifstofa Sameinuðu þjóðanna stóð fyrir keppninni.

ICEMUN-PING HALDIÐ

17-19. febrúar 2012

IceMUN-þing ársins 2012 var haldið helgina 17-19. febrúar í Háskólanum í Reykjavík. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var sett upp og umræðuefnið var kjarnorkuáætlun Írans. Dagskrá þingsins var vegleg og áhugaverð enda er frábær lífsreynsla fyrir alla áhugasama um Sameinuðu þjóðirnar að taka þátt í þingi sem þessu.

Að loknu þingi var fulltrúum erlendra sendiráða boðið til lokahófs sem og starfsfólki utanríkisráðuneytisins.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST OG FÉLAG SP BUÐU TIL MÁLÞINGSINS: ÁBYRGIR STJÓRNENDUR OG HAGSMUNIR ALMENNINGS

2. mars 2012

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) tilnefndi á sínum tíma áratuginn 2005-2014 áratug menntunar til sjálfbærrar þróunar. Í tengslum við þá vinnu hafa Sameinuðu þjóðirnar komið á fót sameiginlegu átaki þeirra menntastofnana sem hafa tekið áskorun áratugarins alvarlega og lagt áherslu á að mennta ábyrga leiðtoga með tilliti til samfélagsábyrgðar og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar (PRME – Principles for responsible management education).



Þátttakendur IceMUN þingsins Haldið í Háskólanum í Reykjavík 17.-19. febrúar 2012



Ríó+20 fundur hjá UTN Ingvar B. Friðleifsson, Tumi Tómasson, Berglind Sigmarsdóttir

20. febrúar 2012



Umsóknarferlið hjá SP kynnt Martha Helena Lopez 16. apríl 2012



Umsóknarferlið hjá SP kynnt John Ericson 16. apríl 2012

Í tilefni þess að Háskólinn á Bifröst undirritaði yfirlýsinguna á síðasta ári buðu háskólinn og Félag Sameinuðu þjóðanna til málþingsins „Ábyrgir stjórnendur – hagsmunir almennings“ þann 2. mars 2012 í lðnó. Setning og fundarstjórn var í höndum Bryndísar HLöðversdóttir, rektors Háskólans á Bifröst, en ávarp hélt Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra. Dr. Njörður Sigurjónsson, lektor, hélt auk þess framsöguerindi um „Ekki mitt mál“, um meint ábyrgðarleysi íslenskra stjórnenda, áhrifaleysi almennings og hlutverk háskóla. Í pallborði sátu Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice, Anna Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri tæknisviðs Símans, Kristján Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Eðalfisks.

VEFFYRIRLESTUR UM GRÆN HAGKERFI

3. apríl, 2012

Heimssamtök Félaga Sameinuðu þjóðanna (WFUNA) stóðu fyrir öðrum veffyrirlestri sínum í samstarfi við Félög SP um heim allan um sjálfbæra þróun. Fyrirlesturinn bar heitið: „Green Economy in the context of Sustainable Development and Poverty Eradication“.

Framsögumaður var Oliver Greenfield, Green Economy Coalition. En grænt hagkerfi var eitt af meginþemum Rio+20 ráðstefnunnar sumarið 2012. Fyrirlesturinn fór fram á vefnum og var dágóð þátttaka íslenska áhugasamra um málefnið.

KYNNING Á UMSÓKNARFERLI HJÁ SAMEINUÐU ÞJÓÐUNUM

16. apríl 2012

Tveir fulltrúar mannauðsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í New York kynntu fyrir áhugasömum á þriggja



tíma námskeiði umsóknarferli fyrir stöður hjá alþjóðastarfsliði Sameinuðu þjóðanna. Farið var í gegnum gerð ferilskrár, útfyllingu umsókareyðublaða og tilhögun atvinnuviðtala hjá SP.

Kynningarfundirnir voru haldnir í utanríkisráðuneytinu og voru þeir mjög vel sóttir en að lokum þurfti þrjú námskeið til að sinna fjölda áhugasamra. Fulltrúar félagsins funduðu í kjölfar námskeiðsins með námskeiðshöldurum og fóru yfir mögulegt samstarf.

LEIÐIN TIL RÍÓ: OPINN FUNDUR

16. apríl 2012

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, utanríkisráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands buðu til opins fundar um Ríó+20, ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, þann 16. apríl 2012. Fundurinn var haldinn í Odda, Háskóla Íslands og var fundarstjóri Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða.

Umhverfisráðherra Svandís Svavarsdóttir hélt ávarp en auk hennar héldu erindi Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, deildarstjóri umhverfis- og auðlindaskrifstofu utanríkisráðuneytis, Skúli Helgason alþingsmaður og formaður nefndar Alþingis um grænt hagkerfi, Lúðvík E. Gústafsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Auður Ingólfsdóttir sviðstjóri félagsvísindasviðs Háskólans á Bifröst, Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, Árni Finnsson, Náttúruverndarsamtökum Íslands.

Í pallborði sátu umhverfisráðherra Svandís Svavarsdóttir og fulltrúar stjórnmálaflokka: Illugi Gunnarsson



Málþing í lön um PRME
Dr. Njörður Sigurjónsson



Leiðin til Ríó, málþing í Odda HÍ
Auður H. Ingólfsdóttir, lektor



Leiðin til Ríó
Fundarstjóri og pallborð
2. mars 2012



Bíósýning „One Day on Earth“
Í samstarfi við Bío Paradís

22. apríl 2012

Sjálfstæðisflokki, Skúli Helgason Samfylkingu, Birgitta Jónsdóttir Hreyfingunni og Vigdís Hauksdóttir Framsóknarflokki. Fundurinn var vel sóttur.

BÍÓSÝNING "ONE DAY ON EARTH"

22. apríl, 2012

Heimildarmyndin "One Day On Earth" var sýnd í samstarfi við Bío Paradís sunnudaginn 22. apríl á alþjóðadegi jarðarinnar. Myndin var gerð fyrir tilstuðlan Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) sem virkjaði kvikmyndatökumenn og almenning í öllum löndum heims. Um 16 mánuði tók að klippa myndina en þúsundum kvikmyndavéla var dreift til þátttakenda til að tryggja bestu möguleg myndgæði, jafnvel til fólks á afskekktustu stöðum jarðar.

Allur ágóði sýningar myndarinnar hér á landi rann til neyðarsöfnunar UNICEF fyrir Sahel-svæðið.

AÐALFUNDUR FÉLAGSINS HALDINN

23. maí, 2012

Aðalfundur Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi var haldinn miðvikudaginn 23. maí í nýrri Miðstöð Sameinuðu þjóðanna, Laugavegi 176, 5. hæð. Sjá nánari umfjöllun á blaðsíðu 10.

MIÐSTÖÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA HELDUR INNFLUTNINGSHÓF

6. júní, 2012

Miðstöð Sameinuðu þjóðanna flutti í nýtt húsnæði í lok aprílmánaðar. Af því tilefni héldu félögin þrjú UNICEF, UN Women og Félag SP



opnunarhátíð fimmtudaginn 7. júní sem tókst afar vel og mætti þar margmenni en boðið var uppá ljúfa tóna og léttar veitingar.

Félögin ákváðu að veita utanríkisráðuneytinu og Reitum, fasteignafélagi, sérstakt viðurkenningarskjal fyrir stuðninginn undanfarin ár. Þeirra framlag til rekstrar Miðstöðvar SP hefur mikið gildi fyrir starfsemi félaganna þriggja. Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, og Inga Rut Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Reitum, tóku við viðurkenningarskjölunum.

REYKJAVÍKURMARAPON

16. ágúst, 2012

Félags Sameinuðu þjóðanna skráði sig í fyrsta skipti til leiks sem góðgerðarfélag í áheitasöfnun Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka 2012. Félagið komst á blað og safnaði rúmum fimm þúsund krónum! Bestu þakkir fá norsku félagarnir sem hlupu með SP fánann í hönd.

MÁLÞING UM HÁSKÓLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

21. september, 2012

Málþing Félags Sameinuðu þjóðanna og Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi var haldið á alþjóðadegi friðar, föstudaginn 21. september 2012 fyrir fullum sal í Háskóla Íslands. Var þetta í fyrsta skipti sem skólarnir fjórir komu saman með nemendur sína á einn stað og áhugi til staðar að endurtaka slíkan fund að ári liðnu.

Setning og fundarstjórn var í höndum Þrastar Freys Gylfasonar, formanns Félags Sameinuðu þjóðanna. Í fyrstu kynnti Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna skólana fjóra, síðan sögðu fimm nemendur skólanna frá reynslu sinni og að lokum hélt



Innflutningshóf Miðstöðvar SP
Einar Gunnarsson tekur við
viðurkenningarskjali
6. júní 2012



Innflutningshóf Miðstöðvar SP
Bollywood dans
6. júní 2012



Málþing um Háskóla SP
Ingvar B. Friðleifsson,
forstöðumaður Jarðhitaskóla
Háskóla SP
21. september 2012



Málþingsgestir
21. september 2012

Ólafur Páll Jónsson, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, ræðu um Menntun til sjálfbærni.

Í kjölfar málþingsins var boðið uppá veitingar í Öskju, Háskóla Íslands, en málþingið var lokahnykkurinn í kynningarátakinu „Komum heiminum í lag“.

KOMUM HEIMINUM Í "LAG"

17. september, 2012

Félagið tók í ár virkan þátt í kynningarátaki um gildi þróunarsamvinnu vikuna 17.-21. september ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands og frjálsum félagasamtökum á Íslandi, sem starfa að alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Átakið bar yfirskriftina „Þróunarsamvinna ber ávöxt“, en markmiðið með átakanu var að auka skilning og þekkingu almennings á málefnum þróunarlanda og vekja Íslendinga betur til vitundar um samfélagslegar og siðferðilegar skyldur þjóðarinnar í baráttunni gegn fátækt, vannæringu og ójöfnuði í heiminum.

Undirtitill átaksins í ár var „Komum heiminum í lag“. Félagasamtökin fengu landsþekktu tónlistarmenn til að leggja málefnið lið og koma skilaboðum átaksins í „lag“. Samin voru 5 mismunandi lög við texta og var eitt lag frumflutt á hverjum degi vikuna 17.-21. september. Átakinu lauk svo með tónleikum á Café Rosenberg við Klapparstíg laugardagskvöldið 22. september.

Þeir sem sömdu lögin 5 og komu fram á tónleikunum voru Jón Jónsson og Friðrik Dór, Lára Rúnarsdóttir og hljómsveit, Magni Ásgeirsson, Ragnheiður Gröndal og Védís Hervör og Varsjárbandalagið.

Að átakanu stóðu ABC barnahjálpi, Afríka 20:20, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Barnahjálpi



Sameinuðu þjóðanna – UNICEF á Íslandi, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði krossinn, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SOS barnaþorpin á Íslandi, UN Women og Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

BIFMUN ÞING Á BIFRÖST HELGINA 27-28. SEPTEMBER

26. september, 2012

IceMUN (Iceland Model United Nations) félagið stóð fyrir BifMUN ráðstefnunni dagana 28.-29. september í samstarfi við Háskólann á Bifröst. Nemendum við háskólann gafst þar tækifæri til að bregða sér í hlutverk diplómata á vegum þeirra ríkja sem sitja í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Árið 2010 var fyrsta BifMUN ráðstefnan haldin á Bifröst, svo þetta var í þriðja skiptið sem MUN ráðstefna var haldin í Norðurárdalnum.

Tuttugu og þrír nemendur voru skráðir til þátttöku, en af þeim voru nokkrir erlendir skiptinemar sem gáfu ráðstefnunni skemmtilegan alþjóðlegan blæ. Enska er ávallt opinbert tungumál ráðstefnunnar og því auðvelt fyrir erlenda nemendur að taka þátt.

DAGUR ÁN OFBELDIS

2. október, 2012

Félagið fór í samstarf með Samhljómi menningarheima ásamt 34 samtökum á Íslandi við að koma fyrir mannlegu friðarmerki á Klambratúni 2. október 2012. Það er fæðingardagur Mahatma Gandhi og hafa Sameinuðu þjóðirnar tileinkað daginn baráttunni fyrir tilveru án ofbeldis. Friðarstundin gekk vel en aðalræðumaður samkomunnar var Birgitta Jónsdóttir.

Samtök og einstaklingar voru hvattir til að gera þennan dag að tilefni til þess að leggja þessari baráttu lið með því að



Málfundur á degi SP
Þröstur Freyr Gylfason,
formaður og Hjálmar W.
Hannesson, stjórnarmaður



24. október 2012
Fundargestir á Degi SP
24. október 2012



Hjálmar W. Hannesson,
stjórnarmaður, 24. október 2012



Friðarþing Skáta, Hörpu
Berglind Sigmarsdóttir, frkv stj.
Heiða Anita Gylfadóttir, stjórnarm.
12. október 2012

fjalla um málið í samræmi við starfssvið sitt og einstaklingar hvattir til að hugsa um ofbeldið eins og það birtist bæði í umhverfi okkar og hjá okkur sjálfum og hvernig við getum spornað gegn því.

FRÍÐARÞING SKÁTA

12. október 2012

Félag Sameinuðu þjóðanna tók þátt í Friðarþingi Skáta helgina 10.-12. október. Fjölmargir fyrirlestrar voru í boði um friðar- og mannréttindamál. Félagasamtökum var boðið að kynna sig og sín málefni fyrir ráðstefnugestum. Einstaklega vel heppnaður og skemmtilegur viðburður af hálfu Bandalagi íslenskra skáta tilefni af aldarafmæli skátastarfs á Íslandi.

DAGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA 24. OKTÓBER

24. október 2012

Dagur Sameinuðu þjóðanna var haldinn hátíðlegur um heim allan þann 24. október. Félag SP ásamt starfsfólki Miðstöðvar SP héldu upp á daginn með hádegisspjalli með þeim sem starfað hafa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í gegnum tíðina.

Fundarstjóri var Þröstur Freyr Gylfason, formaður Félags SP sem hélt stutt erindi um starfsemi Félags SP og Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna. Við tók Hjálmar W. Hannesson, sendiherra og stjórnarmaður, með erindi um framlög og helstu verkefni utanríkisráðuneytisins hjá Sameinuðu þjóðunum.

Að lokum var verkefnið „Sendiherrar“ kynnt, sem gengur út á það að kynna Samning SP um réttindi fatlaðs fólks. Að kynningunni stóðu Ásdís Guðmundsdóttir, verkefnastjóri, María Hreiðarsdóttir og Skúli Steinar Pétursson, boðberar samningsins og sendiherrar.



Innra starf félagsins

Stjórn 2012-2013

Við flutninga Miðstöðvar SP í ný húsakynni að Laugavegi 176, 5. hæð, á vormánuðum 2012 fékk félagið góða skrifstofuaðstöðu til frambúðar. Má það teljast merkur áfangi í sögu félagsins. Aðalfundur Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi var síðan haldinn miðvikudaginn 23. maí þar sem farið var yfir rekstrarreikninga og starfsemi félagsins. Fundarstjóri var Ólafur Örn Haraldsson, formaður, en hann gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku.

Pröstur Freyr Gylfason var kosinn nýr formaður en hann hefur unnið með félaginu til margra ára, sem framkvæmdastjóri félagsins á árunum 2005-2008 og í kjölfarið setið í stjórn þess. Síðustu tvö ár hefur hann sinnt starfi varaformanns félagsins.

Stjórn félagsins var að venju kosin en hana skipa níu aðilar úr hinum ýmsu áttum samfélagsins. Stjórn félagsins fundaði tvisvar á haustmánuðum, auk þess sem að taka þátt í starfsemi og viðburðum félagsins. Óformlegur jólafundur fór einnig fram á þeim merka degi 12.12.12, kl. 12! Stjórnina skipa eftirfarandi aðilar:

- Pröstur Freyr Gylfason, formaður
- Tumi tómasson, varaformaður
- Bogi Ágústsson
- Elín Vigdís Guðmundsdóttir
- Embla Eir Oddsdóttir
- Heiða Anita Hallsdóttir
- Hera Björk Þórhallsdóttir
- Hjálmar W. Hannesson
- Martin L. Sörense



Hluti stjórnar og starfsnema á jólafundi 12.12.12.

F.v. fremst.: Hjálmar, stjórn, Sandra Kristín, starfsnemi, Heiða Anita, stjórn, Bogi, stjórn.

F.h. fremst: Pröstur Freyr, formaður, Martin, stjórn, Hjördís, starfsnemi, Berglind, frkv. stj. Á myndina vantar úr stjórn: Emblu Eir, Elínu Vigdís, Heru Björk og Tuma.

Starfsnemar

Hjá Félagi Sameinuðu þjóðanna störfuðu á árinu 2012 að meðaltali 6 starfsnemar sem unnu að verkefnum í kringum Þúsaldarmarkmiðin, Global Compact samþykktir Sameinuðu þjóðanna, Globalis vefinn og almenna textavinnu á vefsíðum félagsins, un.is og 2015.is, sem og önnur rannsóknarefni því tengdu. Tími þeirra og störf eru afar dýrmæt fyrir félagið og fá þau óendanlegar þakkir fyrir sitt framlag.

- | | |
|--------------------------|------------------------------|
| • Ásdís Sigtryggsdóttir | • Hjalti Magnússon |
| • Bryndís Pjetursdóttir | • Hjördís Jónsdóttir |
| • Baldvin Jónsson | • Salvör Valgeirsdóttir |
| • Guðmundur F. Magnússon | • Sandra Kristín Jónasdóttir |
| • Hildur Guðbjörnsdóttir | • Þórir Hall Stefánsson. |



Tekjur og gjöld

TEKJUR

Tekjur ársins 2012 námu 4,324 milljónum króna en samkvæmt þriggja ára samningi við utanríkisráðuneytið greiðast árlega á árunum 2010–2012 3,6 milljónir króna til félagsins. Félagið fékk á vormánuðum styrk frá Þróunarsjóði námsgagna til að vinna að Globalis vefnum að upphæð 385.000 króna en einnig var gerður upp styrkur frá Nordplus frá 2009 sem greiddur var til félagsins 2012 að upphæð 287þús. Í fyrsta skipti í sögu félagsins var félagsmönnum boðið að greiða til félagsins árgjald að upphæð 2.500, og söfnuðust þar 52 þúsund króna. Samtals voru því tekjurnar 4,324 milljónir króna.

GJÖLD

Launakostnaður er stærsti útgjaldaliður félagsins en á árinu 2012 lækkaði félagið stöðugildi framkvæmdastjóra frá og með aprílmánuði úr 50% niður í 40%. Á móti tók framkvæmdastjóri við rekstri á Miðstöð SP og bókhaldi, sem er ígildi 10% stöðu.

Húsnæðiskostnaðurinn samanstendur af hlutdeild félagsins í kostnaði við rekstur Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna eftir að styrkur utanríkisráðuneytisins hefur verið notaður til að greiða rekstrarkostnað. Kostnaður við leigu og reksturs húsnæðis var 185.442.

Skrifstofukostnaður var samtals kr. 520.120 og má þar helst nefna rekstur vefsíðna félagsins 122 þús., reikningsleg aðstoð 133 þús., skrifstofuaðstaða (tölva) 100 þús., fréttabréf 44 þús., síma og internetkostnað 36 þús., prentun ársskýrslu 45 þús. og fundakostnað 36 þús.

Á árinu kom í ljós að félagið skuldaði WFUNA félagsgjöld og var samið við WFUNA um að greiða félagsgjöld fyrir árin 2011 og 2012, samtals 128.850.

NIÐURSTAÐA

Á árinu námu tekjur umfram gjöld kr. 149.813 og eigið fé félagsins var jákvætt í árslok um kr. 237.033.

Helstu tekjur og gjöld		2012	2011
TEKJUR			
	Samstarfssamningur	3.600.000	3.600.000
	Þróunarsjóður námsqagna	385.000	
	Menntamálaráðuneytið		1.000.000
	Nordplus styrkur – rest frá 2009	287.012	
	Félaqsgjöld	52.000	
	SAMTALS	4.324.012	4.600.000
GJÖLD			
	Launakostnaður	2.919.673	3.666.238
	Húsnæðiskostnaður	185.442	135.140
	Skrifstofukostnaður	520.120	550.647
	UNA Nordic fundir á Íslandi júní		170.706
	WFUNA félaqsgjöld	128.850	
	Viðburðir, verkefni og 1 fundur	283.438	
	Gjaldfærð inneign hjá UTN	150.000	
	SAMTALS	4.187.523	4.522.731



Samstarfsaðilar

Utanríkisráðuneyti

Félag Sameinuðu þjóðanna á rætur sínar að rekja til utanríkisráðuneytisins. En starfsemi félagsins var lengi til í höndum starfsmanna ráðuneytisins. Félagið hefur meðal annars í gegnum árin sinnt kynningu á starfi ráðuneytisins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hefur samstarfið verið gjöfult.

Opinber framlög til félagsins skv. samstarfssamningi hafa verið kr. 3.600.000,- á ári frá 2010–2012. og eru félaginu mikils virði. Þessir fjármunir hafa gert félaginu kleift að hafa starfsmann í 40-50% vinnu til að sinna verkefnum á tímabilinu.

Samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og félagsins hefur það helst að markmiði að efla kynningu á hlutverki og starfi Sameinuðu þjóðanna, stuðla að aukinni umfjöllun um alþjóðamál á vegum félagsins með hugsjónir og markmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og fjalla um þátttöku Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur í gegnum árin styrkt hin ýmsu verkefni félagsins. Til dæmis veitti ráðuneytið félaginu styrk árið 2011 til uppbyggingar Globalis vefsins.

Opinber viðurkenning SP-kerfisins

Félagið nýtir í fræðslu- og upplýsingastarfi sínu þá opinberu viðurkenningu sem það hefur um allt SP-kerfið. Þar um ræðir UNOLA, UNDPI, sérstofnanir og verkefni SP, hina breiðu skírskotun sem félagið hefur til starfsemi og markmiða Sameinuðu þjóðanna.

Norðurlandasamstarf

Félag Sameinuðu þjóðanna er í öflugum samstarfsneti með systursamtökum sínum á Norðurlöndum. Þau hafa yfir ógrynni af upplýsingaefni og fræðsluefni um störf SP að þróun, og öðru sem nýst getur almenningi sem og stjórnvöldum.

Samráðsfundir eru haldnir meðal félaganna árlega þar sem skipst er á hugmyndum, enda fer mikið starf fram hjá félögum sem hafa samtals um sextíu starfsmenn í fullu starfi.

Félag SP á Norðurlöndum eru mjög virt innan heimssamtaka Félaga SP, WFUNA, og því mikils virði að fá að vinna með þeim á tveimur fundum sem haldnir eru sameiginlega á ári. Annar þeirra er haldinn með stofnunum SP í Kaupmannahöfn.

IceMUN

▲ ICEMUN

IceMUN er sjálfstætt starfandi félag innan vébanda Félags Sameinuðu þjóðanna. Model United Nations (MUN) er vettvangur þar sem nemendur koma saman og setja á svið starfsemi helstu stofnana Sameinuðu þjóðanna á sem raunverulegastan hátt og takast á við aðkallandi vandamál í alþjóðasamfélaginu. Þátttakendum er deilt niður á ákveðin lönd og eru því sendifulltrúar þeirra landa. IceMUN þing er haldið einu sinni á ári, en einnig fara fram MUN þing í samstarfi við Háskólann á Bifröst og MenntóMUN í samstarfi við einn menntaskóla á ári hverju.

Háskólar Sameinuðu þjóðanna

Um 65% af stuðningi utanríkisráðuneytisins til fjölþjóðlegs þróunarstarfs rennur til stofnana og sjóða á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þar af renna 23% til Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Á Íslandi eru starfandi þrír skólar innan vébanda Háskóla Sameinuðu þjóðanna:

▲ JARÐHITASKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (WWW.UNUGTP.IS)

▲ SJÁVARÚTVEGSSKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (WWW.UNUFTP.IS)

▲ LANDGRÆÐSLUSKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (WWW.UNULRT.IS)

Jafnréttisskólinn, sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins, byggir á sama grunni og þrír fyrrnefndu skólarnir. Stefnt er að því að hann verði hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna á þessu ári.



UNICEF og UN Women

Íslensk landsnefnd Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og íslensk landsnefnd UN Women reka í samstarfi við Félag Sameinuðu þjóðanna Miðstöð Sameinuðu þjóðanna að Laugavegi 176. Miðstöðin var opnuð 12. mars 2004 og var fyrst til húsa í Skaftahlíð 24. Á degi Sameinuðu þjóðanna, 24. október 2005 var miðstöðin opnuð á Laugavegi 42, 2. hæð en fluttist svo á Laugaveg 176 í apríl 2012.

Samreksturinn hefur gengið afar vel og styrkt félögin í sinni kynningar- og viðburðarstjórnun. Það hefur reynst mjög mikilvægt fyrir þessi félagasamtök við að halda rekstrarkostnaði í lágmarki, einfaldlega til að nýta alla orku í hin raunverulegu viðfangsefni og markmið félaganna.

Samstarf við UNRIC

Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópuríkin er staðsett í Brussel. Sérstakur upplýsingafulltrúi skrifstofunnar fyrir Norðurlönd er Árni Snævarr. Vefsetur skrifstofunnar er mjög virkt og er uppfært reglulega en Félag Sameinuðu þjóðanna nýtur góðs af þeim fréttaflutningi og fær að miðla þeim áleiðis á sínum vefsíðum. Árna eru færðar sérstakar þakkir fyrir samstarfið nú sem endranær.



Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóri SÞheimsækir sýrlenska flóttamenn í Za'atiri búðunum nálægt Mafraq Jórdaníu
7. desember 2012
UN Photo/Mark Garten



Lög Félags Sameinuðu þjóðanna

1. grein

Takmark Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi er:

- Að vinna almenning í landinu til fylgis og stuðnings við samtök Sameinuðu þjóðanna.
- Að samræma starf þeirra félagssamtaka sem leggja vilja lið sitt til þess að framkvæma hugsjónir Sameinuðu þjóðanna.
- Að stuðla að aukinni samvinnu allra þjóða heims.
- Að vinna að því að treysta alþjóðafrið og öryggi.
- Að vinna að því í samvinnu við blöð, útvarp, sjónvarp og skóla að kynna Íslendingum hugsjónir og starfsemi hinna Sameinuðu þjóða.

2. grein

Í Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi geta verið einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir, svo sem bókasöfn og skólar. Heimilt er að gerast ævifélagi í félaginu.

3. grein

Stjórn félagsins ákveður félagsgjöld og getur leitað eftir stuðningi aðila sem styðja vilja stefnumið félagsins.

4. grein

Aðalfundur Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi skal haldinn fyrir 1. maí annaðhvert ár. Aðalfund skal boða skriflega með 14 daga fyrirvara. Rétt á fundarsetu hafa þeir meðlimir sem gerst hafa félagar eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

Á aðalfundi skal gefin skýrsla um starfsemi félagsins og fjárhag á liðnu starfsári. Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið og skulu reikningar félagsins yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda.

Aðeins á aðalfundi má bera upp tillögur um breytingar á lögum félagsins enda hafi slíkar tillögur verið kynntar framkvæmdastjórn með viku fyrirvara. Til samþykktar þeirra þarf stuðning 2/3 - tveggja þriðju hluta - fundarmanna.

Stjórn félagsins skipa níu menn kosnir til tveggja ára í senn. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin skal kosin á aðalfundi og skal hittast eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Framkvæmdastjórn skulu skipa formaður, varaformaður og einn meðstjórnandi, og sinnir þeim störfum sem stjórnin felur henni og samkvæmt lögum þessum.

Á aðalfundi skulu og kosnir tveir endurskoðendur til tveggja ára í senn.

Endurkosning manna í stjórn er heimil.

Stjórnin boðar til fundar í félaginu þegar henni þurfa þykir eða þegar fimmtíu félagar hið minnsta æskja þess.

Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins.

5. grein

Lögheimili félagsins og varnarþing þess er í Reykjavík. Heimilt er að stofna einstakar deildir félagsins hvar sem er á landinu.

- Samþykkt á aðalfundi Félags Sameinuðu þjóðanna 5. mars 1976.
- Breyting á 2. grein laganna er varðar aðild, og 4. grein laganna er varðar fjölda manna í varastjórn samþykkt á framhaldsaðalfundi 21. maí 2007.
- Breyting á 4. grein laganna er varðar staðsetningu, dagsetningu og boðun aðalfundar, endurskoðun reikninga, fjölda manna í stjórn jafnframt því sem ákvæði um varastjórn var felld á brott, sérkjör varaformanns einnig, kjörtímabil stjórnarmanna, framkvæmdastjórn, og framkvæmdastjóra; og 5. og 6. greinar sameinaðar undir 5. grein auk orðalagsbreytingar, samþykkt á aðalfundi 27. mars 2008. Sömu leiðis var þá ákvæði til bráðabirgða, um brottfall meðstjórnenda, frá árinu 1977 felld á brott.
- Breytingar á 4. grein laganna er varða aðalfund félagsins, sem skal nú haldinn annaðhvert ár í stað hvers árs og stjórn og endurskoðendur kosnir til tveggja ára í senn.

FRAMTÍÐARSÝN FÉLAGS SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

▲ FRAMTÍÐARSÝN 1

Að þorri þjóðarinnar styðji með beinum hætti alþjóðlegt þróunarstarf.

▲ FRAMTÍÐARSÝN 2

Að almenningur þekki til starfsemi Sameinuðu þjóðanna.

▲ FRAMTÍÐARSÝN 3

Að áhrifavaldar í þjóðfélaginu hafi þekkingu á og starfi með Félagi Sameinuðu þjóðanna.

▲ FRAMTÍÐARSÝN 4

Að Ísland taki stöðu með þeim alþjóðalögum sem styðja við hugsjónir og markmið Sameinuðu þjóðanna.

▲ FRAMTÍÐARSÝN 5

Að Félag Sameinuðu þjóðanna sé áhrifamikill vettvangur fyrir öfluga upplýsingagjöf um Sameinuðu þjóðirnar.



© Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Ársskýrsla Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi: Starfsemi og ársreikningur 2012.

Ljósmyndir á forsiðu eru birtar með góðfúslegu leyfi myndasafns Sameinuðu þjóðanna (UN Photo). Myndir úr starfi félagsins tóku starfsmenn, stjórnarmenn og/eða aðrir félagsmenn.

Ritstjórn ársskýrslu: Berglind Sigmarsdóttir og Þröstur Freyr Gylfason.

ISSN: 1670–8679